



Landbúnaðarnefnd Blönduósbæjar - 5. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 18. júní 2015
og hófst kl. 11:00

Fundinn sátu:

Gauti Jónsson, formaður
Anna Margrét Jónsdóttir, aðalmaður
Þórður Pálsson, aðalmaður

Fundargerð ritaði: Anna Margrét Jónsdóttir,

Dagskrá:

1. Ákvörðun um upprekstur - 1506025

Rætt var um ástand gróðurs á afréttum sveitarfélagsins. Gróður er allur heldur seinna á ferðinni en undanfarin vor enda tíð verið köld. Ákveðið var að leyfa upprekstur hrossa frá og með 25. júní næstkomandi.

2. Gangnatími haustið 2015 - 1506026

Gauti sótti fund sl. mánudag með fjallskilastjórum í nærliggjandi sveitarfélögum. Á þeim fundi kom fram að Bólhlíðingar og Skagfirðingar ætla að smala fyrstu helgina í september. Í Skagabyggð er óákveðið enn með gangnatíma. Ljóst er að nefndin getur ekki tekið ákvörðun um gangnatíma fyrir en fyrir liggur niðurstaða hjá Skagabyggð þar sem afréttir liggja það náði og skilaréttin sameiginleg hjá þessum tveimur sveitarfélögum. Hins vegar verður að teljast mjög óheppilegt ef ekki næst að smala sömu helgi og Skagfirðingar og Bólhlíðingar.

3. Önnur mál - 1506021

Ekkert tekið sérstaklega fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:30
